FUNDARGERÐ

Hafnasambandsþing 2026

22.–23. október 2026

Fundarstaður	Hljómahöll, Reykjanesbæ
Þingforsetar	Alexandra Jóhannesdóttir og Pétur Markan
Ritarar	Tryggvi Þór Bragason og Magnús Einþór Áskelsson

Fimmtudagur 22. október

1. Setning þings

Lúðvík Geirsson, formaður Hafnasambands Íslands, setti þingið og bauð fulltrúa og gesti velkomna.

Í ávarpi sínu fór Lúðvík yfir helstu mál sem Hafnasambandið hefur unnið að frá síðasta þingi og stöðu þeirra. Hann lagði áherslu á gott samstarf og samráð við hafnir um land allt og benti á að hafnarstarfsemi hefði eflst á undanförnum árum. Hann hvatti til áframhaldandi góðs starfs og fróðlegra umræðna um þau málefni sem lágu fyrir þinginu. Að lokum þakkaði hann félögum á Suðurnesjum fyrir góðar móttökur og þátt þeirra í skipulagningu þingsins.

Commented [EMS1]: Lesa yfir

Tillaga var gerð um að Alexandra Jóhannesdóttir og Pétur Markan yrðu þingforsetar. Tillagan var samþykkt og tóku þau við stjórn þingsins.

Þingforsetar lögðu til að Tryggvi Þór Bragason og Magnús Einþór Áskelsson yrðu ritarar þingsins. Tillagan var samþykkt.

Í allsherjarnefnd voru kjörin Alexandra Jóhannesdóttir, formaður, Gunnar Tryggvason og Jóna Árný Þórðardóttir.

2. Ávarp innviðaráðherra

Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra, ávarpaði þingið og fjallaði um mikilvægi hafna fyrir atvinnulíf, byggðaþróun og samgöngur á Íslandi.

Hann lagði áherslu á að hafnir hefðu frá upphafi verið undirstaða búsetu og atvinnustarfsemi og gegndu enn lykilhlutverki fyrir sjávarútveg, ferðaþjónustu, fiskeldi og vöruflutninga.

Ráðherra greindi frá því að innviðaráðuneytið hefði hafið endurskoðun á gjaldákvæðum hafnalaga í samráði við Hafnasamband Íslands. Markmiðið væri að skapa skýrari og sveigjanlegri lagaumgjörð um gjaldtöku hafna, auðvelda kostnaðargreiningu og tryggja höfnum nægar tekjur til viðhalds, endurnýjunar og uppbyggingar innviða. Einnig væri horft til heimilda um arðsemi, einkaréttarlega gjaldtöku og stöðu félagahafna.

Þá fjallaði ráðherra um mikilvægi þess að lagaumgjörð hafna tæki mið af breyttum þörfum atvinnulífsins, samkeppni og byggðaþróun. Sérstaklega væri horft til stöðu smærri hafna, möguleika á sameiningu þar sem það gæti styrkt rekstur og þjónustu, og framtíð strandsiglinga. Vísaði hann í þessu samhengi til skýrslu starfshóps um strandsiglingar, sem skilað var í febrúar 2026, en þar var meðal annars lagt til að gjaldtökuákvæði hafnalaga yrðu endurskoðuð til að styðja betur við þróun strandflutninga.

Að lokum lagði ráðherra áherslu á að öflugar hafnir væru forsenda sjálfbærari flutninga og öflugra byggðarlaga og óskaði þingfulltrúum góðs árangurs í störfum þingsins.

Commented [EMS2]: Lesa yfir

3. Skýrsla stjórnar

Lúðvík Geirsson, formaður Hafnasambands Íslands, flutti skýrslu stjórnar.

Lúðvík fjallaði um fjárhagsstöðu hafna landsins, uppbyggingu hafnarmannvirkja og helstu verkefni Hafnasambandsins. Hann greindi frá því að fjárhagsstaða margra hafnarsjóða hefði batnað á undanförnum árum vegna aukinna tekna af farþegaskipum, aukins vöruflutnings og hærra fiskverðs. Þrátt fyrir það væri mikil þörf á viðhaldi og endurnýjun hafnarmannvirkja. Hann lagði áherslu á aukin framlög til hafnarbótasjóðs og endurskoðun reglna um úthlutun styrkja.

Lúðvík ræddi einnig óvissu í gjaldtöku og regluverki vegna farþegaskipa og mikilvægi þess að stjórnvöld skýrðu reglur og tækju ákvarðanir tímanlega. Hann fagnaði því að endurskoðun hafnalaga væri komin í farveg og lagði áherslu á að gjaldtökuákvæði yrðu skýr og sveigjanleg og tækju mið af kostnaði og aðstæðum hverrar hafnar. Þá fjallaði hann um öryggi siglinga við Íslandsstrendur, fjármögnun orkuskipta og landtenginga og mikilvægi þess að efla hlutverk hafna sem orku- og hleðslumiðstöðva.

Jafnframt gerði hann grein fyrir auknu alþjóðlegu samstarfi Hafnasambandsins, meðal annars með aðild að evrópsku hafnasamtökunum ESPO og samskiptum við Færeyjar og Grænland. Hann fjallaði um framtíðaráskoranir íslenskra hafna, þar á meðal auknar siglingar á norðurslóðum, vaxandi útflutning og auknar umhverfiskröfur.

Að lokum þakkaði Lúðvík samstarfsfólki og starfsfólki hafna landsins fyrir samstarfið á sex ára formannstíð sinni og lagði áherslu á mikilvægi öflugs og sameinaðs Hafnasambands til framtíðar.

Commented [EMS3]: Lesa yfir

Tillaga þingforseta um að umræður um skýrslu stjórnar yrðu teknar samhliða umræðum um ársreikninga og fjárhagsmál var borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Ársreikningar, fjárhagsáætlanir og árgjöld

Pétur Ólafsson, gjaldkeri Hafnasambands Íslands, gerði grein fyrir ársreikningum 2024 og 2025, tillögum að fjárhagsáætlunum 2027 og 2028 og tillögum að árgjöldum 2027 og 2028.

Fram kom að árgjöld höfðu verið lækkuð úr 0,22% í 0,18% af tekjum hafnarsjóða, meðal annars vegna aukinna tekna hafnarsjóða undanfarin ár. Rekstrarkostnaður sambandsins hafði aukist, einkum vegna skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar og aukinnar verkefnavinnu. Rekstur ársins 2025 skilaði um 3,6 milljóna króna tapi, en eigið fé sambandsins nam um 27,7 milljónum króna í árslok.

Lögð var fram tillaga um að halda árgjöldum óbreyttum, eða 0,18% af tekjum hafnarsjóða, árin 2027 og 2028. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 1,8 milljóna króna hagnaði hvort ár.

Umræður fóru fram um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun. Engar athugasemdir komu fram í umræðunum.

Ársreikningar 2024 og 2025, fjárhagsáætlanir 2027 og 2028 og tillögur að árgjöldum 2027 og 2028 voru borin upp til samþykktar og samþykktar samhljóða með lófataki.

5. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2025

Sólveig Ástudóttir Daðadóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kynnti úttekt og greiningu á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2025, en upplýsingar bárust frá 29 af 31 hafnarsjóði.

Fram kom að heildartekjur hafnarsjóða hefðu aukist um rúman milljarð króna milli ára, eða um 7%, og rekstrarniðurstaða batnað um 1,3 milljarða króna. Þar af mátti rekja um 1,1 milljarð króna til framlags aðalsjóðs Grindavíkurbæjar til Grindavíkurhafnar. Fjárfestingar jukust um 40% milli ára, meðal annars vegna framkvæmda hjá Faxaflóahöfnum, og skuldahlutfall hafnarsjóða lækkaði um 7%.

Varðandi umsvif hafna kom fram að heildarmagn inn- og útflutnings hefði dregist saman um tæplega 2% og landaður afli um 8%, en rafmagnssala hafna hefði aukist um 7%. Jafnframt var bent á að fjárhagsstaða hafna væri mismunandi. Samkvæmt áhættumati skýrslunnar voru 17 hafnarsjóðir án áhættu, en þrír í alvarlegri áhættu, tveir í mikilli áhættu, fjórir í nokkurri áhættu og þrír í lítilli áhættu.

Commented [EMS4]: Lesa yfir

6. Kynning á tillögu kjörnefndar

Tillaga kjörnefndar um stjórn og varastjórn Hafnasambands Íslands var kynnt. Upplýst var um fyrirkomulag stjórnarkjörs og að formaður yrði kosinn sérstaklega úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna.

Einnig var tillaga að skoðunarmönnum Hafnasambands Íslands kynnt.

Þingfulltrúum var gefinn kostur á að tilkynna þingforsetum um framboð til stjórnar fyrir kl. 10:00 föstudaginn 23. október.

Lagt fram.

7. Gjaldskrárákvæði hafnalaga og áform um breytingar

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Gísli Gíslason, lögfræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, fluttu erindi. Að erindunum loknum fóru fram fyrirspurnir og umræður.

Farið var yfir fyrirhugaða endurskoðun gjaldskrárákvæða 17. gr. hafnalaga. Fram kom að innviðaráðuneytið hefði unnið ítarlega greiningu á núgildandi lagaumhverfi, meðal annars með tilliti til dóma og úrskurða, og að áform um frumvarp hefðu verið birt í samráðsgátt stjórnvalda í maí 2026. Markmiðið er að skýra gjaldtökuheimildir hafna, auka sveigjanleika og draga úr réttaróvissu og ágreiningi við notendur.

Rætt var um að núgildandi lagaumhverfi hefði ekki fylgt þróun hafnarstarfsemi og aukinni fjölbreytni í hópi notenda, meðal annars vegna aukinna umsvifa í sjókvíaeldi og ferðaþjónustu, orkuskipta og umhverfiskrafna. Sérstaklega var fjallað um raunkostnaðarregluna, sem er túlkuð með strangari hætti hér á land en í nágrannalöndum, og þörfina á að skýra skil milli grunninnviðagjalda, sérgreindra þjónustugjalda og leigugjalda. Eldisgjald og farþegagjald voru nefnd sem dæmi um gjöld sem valdið hafa réttaróvissu. Einnig var rætt um heimildir til langtímasamninga og afslátta, gjaldtöku vegna sérstakra krafna umfram almenna viðlegu, samnýtingu innviða og útreikning arðsemi af endurmetnu eigin fé. Lögð var áhersla á skýrar og sveigjanlegar gjaldtökuheimildir, án tæmandi upptalningar gjalda, og að greint yrði á milli þjónustugjalda og skattlagningar. Þá var fjallað um byggðasjónarmið, Hafnabótasjóð og gagnsæi í gjaldtöku gagnvart notendum.

Fram kom að tillögur ráðuneytisins yrðu rýndar í samráði við hafnir og sveitarfélög áður en frumvarpsdrög yrðu birt í samráðsgátt og lögð fram á Alþingi. Jafnframt var bent á að breytingarnar gætu haft áhrif á önnur lög og að heildarendurskoðun hafnalaga myndi halda áfram.

Matarhlé frá kl. 12:15 til 13:15.

Í umræðum var lögð áhersla á skýrari gjaldtökuheimildir og fyrirsjáanlegra regluverk til að draga úr réttaróvissu og ágreiningi við notendur hafna. Sérstaklega var rætt um eðli aflagjalda, eldisgjalda og farþegagjalda og tengsl þeirra við raunkostnaðarregluna. Þá var fjallað um kostnaðargrunn gjaldskráa, mismunandi fjárfestingarstöðu hafna og mikilvægi þess að gjaldtaka styddi við sjálfbæran rekstur og langtímauppbyggingu. Einnig var rætt um gjaldtöku vegna skipa sem taka mikið rými eða liggja lengi í höfn,

umhverfistengda afslætti og áhrif gjaldtöku á samkeppnisstöðu hafna. Bent var á þörf fyrir samræmda útreikninga og leiðbeiningar um bókhaldslega meðferð gjalda, auk fjárhagslegrar áhættu vegna endurgreiðslukrafna og dómsmála. Í svörum kom fram að frekari greiningar og samráðs væri þörf um gjaldaflokka, útreikninga og samninga um nýtingu hafnaraðstöðu.

8. Framtíð íslenskra hafna

Jóna Árný Þórðardóttir, stjórnarmaður í stjórn Hafnasambands Íslands og hafnarstjóri Fjarðarbyggðahafna, flutti erindi um framtíð íslenskra hafna.

Farið var yfir skýrslu um fjárfestingar íslenskra hafna og áætlaða fjárfestingaþörf til ársins 2040, sem unnin var fyrir Hafnasamband Íslands af Íslenska sjávarklasanum. Fjárfestingar hafnasjóða námu 27,4 milljörðum króna á árunum 2020–2024, en áætluð framkvæmdaþörf fyrir árin 2025–2030 er 41,8 milljarðar króna. Langtímaáætlanir gera ráð fyrir fjárfestingum upp á 100,7 milljarða króna til ársins 2040. Meðal helstu fjárfestingarverkefna eru uppbygging viðlegukanta, styrking brimvarna, landfyllingar, aukin afkastageta og nútímavæðing hafna, meðal annars með orkuskiptum. Jafnframt kemur fram að fjárhagsleg geta hafnasjóða sé mismunandi og að minni hafnir geti þurft frekari opinberan stuðning til að mæta fjárfestingaþörf sinni.

Í erindinu var lögð áhersla á mikilvægi þess að efla hafnainnviði til að mæta framtíðarþörfum og styrkja samkeppnishæfni Íslands. Fjárfestingar í höfnum væru mikilvægar fyrir íslenskt samfélag og því þyrfti umræða um hafnir að tengjast atvinnustefnu Íslands. Þá var fjallað um þróun Hafnabótasjóðs og minnkandi fjármagn til úthlutunar. Mikilvægt væri að skapa grundvöll fyrir umræðu um aðgengi hafna að fjármögnun þeirrar þjónustu sem þær veita um land allt, meðal annars í tengslum við vinnu við löggjöf. Fjármögnun þyrfti að taka mið af mismunandi fjárhagslegri getu hafnasjóða og gera þeim kleift að viðhalda og efla innviði sína. Að lokum var lögð áhersla á mikilvægi samstarfs og áframhaldandi samtals um framtíðarsýn íslenskra hafna.

9. Íslenskar hafnir og umheimurinn

Gunnar Tryggvason, stjórnarmaður í stjórn Hafnasambands Íslands og hafnarstjóri Faxaflóahafna, flutti erindi um íslenskar hafnir og umheiminn. Að erindinu loknu fóru fram fyrirspurnir og umræður.

Fjallað var um áhrif evrópskra reglugerða á íslenskar hafnir, einkum viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) og reglugerð um uppbyggingu innviða fyrir aðra orkugjafa (AFIR). Bent var á að reglurnar gætu haft óæskileg áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra hafna og eyjasamfélaga, meðal annars vegna aukins kostnaðar og hættu á tilfærslu viðskipta til hafna utan kerfisins. Þá var fjallað um skyldur stjórnvalda varðandi landtengingu skipa og mikilvægi þess að skýra ábyrgð á uppbyggingu nauðsynlegra innviða. Lögð var áhersla á að vakta hagsmuni íslenskra hafna og efla þátttöku í alþjóðasamstarfi, meðal annars í gegnum evrópsk hafnasamtök, til að hafa áhrif á þróun regluverksins og tryggja að fjármögnun vegna orkuskipta nái einnig til hafnainnviða.

10. Kynning á hafnarstarfsemi á Suðurnesjum

Halldór Karl Hermannsson, hafnastjóri Reykjaneshafnar, bauð þingfulltrúa velkomna til Suðurnesja og fór yfir sögu, þróun og starfsemi Reykjaneshafnar. Fjallaði hann meðal annars um helstu tekjustofna hafnarinnar, stöðu hennar meðal íslenskra hafna og framtíðarsýn fyrir hafnarsvæðin fimm.

Vilhjálmur Ólafsson, yfirhafnarvörður Sandgerðishafnar, kynnti starfsemi og mikilvægi Sandgerðishafnar fyrir sjávarútveg og tengda þjónustu. Farið var yfir helstu áskoranir í rekstri hafnarinnar, öryggis- og umhverfismál og fyrirhugaðar framkvæmdir og þróun innviða.

Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri Grindavíkurhafnar, fór yfir stöðu hafnarinnar í kjölfar jarðhræringa og áhrif þeirra á starfsemi og atvinnulíf í Grindavík. Rætt var um áskoranir við að halda uppi hafnarstarfsemi,

mikilvægi sjávarútvegs og tengdra fyrirtækja og þau tækifæri sem felast í áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og hafnarinnar.

Að dagskrárliðnum loknum var farið í skoðunarferð um Reykjanes.

Þingi frestað kl. 15:10.

Föstudagur 23. október

11. Nefndarstörf allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd tók til starfa undir formennsku Alexöndru Jóhannessdóttur. Aðrir nefndarmenn voru Gunnar Tryggvason og Jóna Árný Þórðardóttir.

Þingforseti gaf orðið laust um drög að ályktun Hafnasambandsþings 2026.

Helstu áherslur ályktunarinnar voru efling hafna sem mikilvægra innviða þjóðarinnar, fjármögnun og uppbygging hafnarmannvirkja, endurskoðun hafnalaga og gjaldtökuheimilda hafna, stuðningur við orkuskipti, gjaldtaka vegna skemmtiferðaskipa, dýpkunarþjónusta og aukið samstarf við stjórnvöld.

Í umræðum komu fram tillögur um að skerpa á ákvæðum um gjaldtökuheimildir hafna, uppbyggingu öryggisinnviða vegna aukinnar skipaumferðar og aðgengi minni hafna að viðeigandi dýpkunarbúnaði. Einnig var rætt um fjármögnun hafnarframkvæmda, orkuskipti og alþjóðlegt samstarf.

Framkomnar breytingartillögur voru teknar til frekari úrvinnslu í allsherjarnefnd og lagðar fram til afgreiðslu undir 14. dagskrárlið.

12. Lærdómur af tjóni á hafnarmannvirkjum í Grindavík

Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands, og Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri Grindavíkurhafnar, fluttu erindi. Að erindunum loknum fóru fram fyrirspurnir og umræður.

13. Frá tilkynningu til skila

Gyða Mjöll Ingólfsdóttir, gæða- og umhverfisstjóri Faxaflóahafna, kynnti fyrirhugaðar breytingar á regluverki um úrgangsstjórnun í höfnum og reynslu Faxaflóahafna af innleiðingu stafræns úrgangsstjórnunarkerfis.

Farið var yfir helstu breytingar á gjaldtöku, undanþágum, úrgangsflokkum og áætlunum um móttöku úrgangs. Bent var á óvissu vegna skorts á nánari útfærslu og reglugerð, þrátt fyrir fyrirhugaða gildistöku um áramót. Þá var kynnt Portmaster-kerfið sem hefur einfaldað skráningu, eftirlit og utanumhald með úrgangi frá skipum.

Að erindinu loknu fóru fram fyrirspurnir og umræður þar sem meðal annars var fjallað um flókið regluverk, aukið vinnuálag hafna og takmarkaðar heimildir þeirra til að bregðast við frávikum.

14. Nefndarálit og afgreiðsla mála

Alexandra Jóhannesdóttir, formaður allsherjarnefndar, mælti fyrir nefndaráliti og kynnti breytingartillögur við drög að ályktun Hafnasambandsþings 2026.

Breytingartillögurnar voru bornar upp til afgreiðslu hver fyrir sig.

14.1 Fyrsta breytingartillaga

Lagt var til að bæta við texta í fyrsta kafla ályktunarinnar til að skerpa á helstu grunnatriðum og markmiðum hennar. Samþykkt samhljóða.

14.2 Önnur breytingartillaga

Lagt var til að tilgreina nánar helstu áherslumál ályktunarinnar í inngangskafla til að undirstrika þau atriði sem fjallað er um síðar í skjalinu. Samþykkt samhljóða.

14.3 Þriðja breytingartillaga

Lagt var til að bæta við gjaldskrárkafla ályktunarinnar og árétta mikilvægi skýrra lagaheimilda til gjaldtöku sem endurspegli kostnað við rekstur, viðhald og uppbyggingu hafnarmannvirkja. Samþykkt samhljóða.

14.4 Fjórða breytingartillaga

Lagt var til að breyta orðalagi um dýpkunarframkvæmdir þannig að lögð yrði áhersla á að tryggja aðgengi að viðeigandi tækjabúnaði til dýpkunar fyrir bæði stærri og minni hafnir, fremur en að vísa til skorts á dýpkunarskipum. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Að lokinni afgreiðslu breytingartillagnanna var opnað fyrir umræður. Enginn kvaddi sér hljóðs og var ályktun Hafnasambandsþings 2026, með samþykktum breytingum, borin undir atkvæði og samþykkt.

14.5 Fimmta breytingartillaga

Að lokinni samþykkt ályktunarinnar kom fram breytingartillaga úr sal um að skora á Alþingi að fresta gildistöku laga nr. 19/2026 þar til reglugerð um nánari framkvæmd þeirra lægi fyrir.

Leitað var samþykkis þingsins fyrir því að taka breytingartillöguna til afgreiðslu þrátt fyrir að ályktunin hefði þegar verið samþykkt. Samþykkt var að bæta breytingartillögunni við ályktunina.

Endanleg ályktun er fylgiskjal fundargerðarinnar.

15. Kosningar

Kjörnefnd var skipuð Kristni Jónassyni, Halldóri Karli Hermannssyni og Friðbjörgu E. Mattíasdóttur. Þingforseti fór yfir tillögu kjörnefndar.

15.1 Stjórn og varastjórn

- **Aðalmenn í stjórn**
  - Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarhöfn
  - Gunnar Tryggvason, Faxaflóahafnir
  - Pétur Ólafsson, Hafnasamlag Norðurlands
  - Jóna Árný Þórðardóttir, Fjarðabyggðarhafnir
  - Rebekka Hilmarsdóttir, Hafnir Vesturbyggðar
  - Elliði Vignisson, Þorlákshöfn
  - Alexandra Jóhannesdóttir, Suðurnesjabær

  Tillaga kjörnefndar um stjórn var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.
- **Varastjórn:**
  - Björn Arnaldsson, Hafnir Snæfellsbæjar
  - Dóra Björk Gunnarsdóttir, Vestmannaeyjahöfn
  - Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir, Skagafjarðarhafnir

Tillaga kjörnefndar um varastjórn samþykkt samhljóða.

15.2 Formaður

Kosið var sérstaklega um formann úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna. Í framboði voru Gunnar Tryggvason og Jóna Árný Þórðardóttir.

Gunnar Tryggvason: 30 atkvæði

Jóna Árný Þórðardóttir: 60 atkvæði

Auðir eða ógildir seðlar: 0

Jóna Árný Þórðardóttir var kjörin formaður Hafnasambands Íslands.

15.3 Skoðunarmenn og varamenn

Tillaga var gerð um Jóhannes Á. Jóhannesson og Þórdísi Sveinsdóttur sem skoðunarmenn og Arnar Þór Sævarsson og Óttar Guðjónsson sem varamenn þeirra til tveggja ára.

Tillaga um skoðunarmenn og varamenn þeirra var samþykkt með meirihluta atkvæða, en eitt atkvæði var greitt gegn henni.

16. Hafnasambandsþing 2028 og hafnafundur 2027

Samþykkt var með lófataki að Hafnasambandsþing 2028 yrði haldið í Vestmannaeyjum og að hafnafundur 2027 yrði haldinn á vegum Faxaflóahafna.

17. Þingslit

Að lokinni afgreiðslu allra mála var dagskrá þingsins tæmd. Þingforsetar þökkuðu gestgjöfum, frummælendum, þingfulltrúum og öðrum sem komu að þinghaldinu.

Jóna Árný Þórðardóttir, nýkjörinn formaður Hafnasambands Íslands, flutti lokaorð og þakkaði Lúðvíki Geirssyni, fráfarandi formanni, fyrir störf hans í þágu sambandsins. Jafnframt þakkaði hún gestgjöfum og öllum þeim sem komu að undirbúningi Hafnasambandsþingsins og sagði að lokum Hafnasambandsþingi 2026 slitið.

Þingi slitið kl. 11:43.

Undirritun

Þingforsetar

_____
Alexandra Jóhannesdóttir

_____
Pétur Markan

Ritarar

_____
Tryggvi Þór Bragason

_____
Magnús Einþór Áskelsson